

Nd.

240. Nefndarátt

um flóabátastyrk.

Frá meiri hluta samgöngumálanefndar.

Samgöngumálanefnd Nd. hefir ekki orðið sammála um styrkupp hæðir til bátiferða á flóum, fjörðum og vötnum fyrir árið 1925.

Micni hlutinn telur, að upphæð sú, kr. 60000,00, sem ákveðin er í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar, nægi til að bætu úr hinum brýnustu þörfum til samgangna í þessu skyni.

Við, sem skrifum nöfn okkar undir álit þetta, teljum óbjákvæmilegt að hækka styrkupp hæðina lítið eitt.

Þess ber að gæta, að styrkurinn er í tveimur tilfellum að miklu eða mestu pósthæðastyrkur. T. d. má fullyrða, að til pósthæða um Ísafjarðardjúp verði ríkissjóður undir öllum kringumstæðum að greiða árlega 10—12 þús. kr. og til pósthæða milli Borgarness og Reykjavíkur álíka upphæð.

Nefndin er á einu máli um það, að styrkurinn til Borgarnesbátsins hafi

undanfarið, og þá ekki síður á þessu ári, verið óhæfilega hárt í samanburði við aðra bátastyrki, sjerstaklega þegar þess er gætt, að flutningur og ferðamannastraumur er óvenjumikill á milli Reykjavíkur og Borgarness, og þá ekki síður þegar báturinn, sem þessar ferðir hefir annast, hefir sloppið við þá sjálfsögðu kvöð að annast ferðirnar við sunnanvert Snæfellsnes.

Með því að láta sama bátinn annast ferðirnar við sunnanvert Snæfellsnes, sem heldur uppi Borgarnesferðunum og sem virðist hagkvæmast að öllu leyti, þá má lækka styrkinn til bátaferða um Breiðafjörð að stórum mun.

Hinsvegar er nefndin öll sammála um, að ekki sje fært að lækka styrkinn til póst- og flutningaferða um Ísafjarðardjúp að neinum mun.

Þá er nefndin og sammála um það, að ekki verði hjá komist að styrkja bátaferðir til Skaftafellssýslu riflega, eins og að undanfögnu. Sama er um flóaferðir á Breiðafirði; þar eru útflutningshafnir, sem millilandaskip koma ekki til. Við það að sleppa höfnunum sunnan Snæfellsness álitum við, að styrkurinn geti lækkað að stórum mun.

Við verðum að jata, að fylsta þörf væri til þess að styrkja ýmsa fleiri báta til vöru- og mannflutninga innan hjerads en fært þykir að þessu sinni, en þar sem við, engu síður en aðrir háttv. þingdeildarmenn, höfum fullan vilja til að spara fje rikissjóðs, jafnvel á þeim gjaldaliðum, sem nauðsynlegir eru, höfum við sniðið tillögur okkar við hinar allra brýnustu þarfir viðkomandi hjerada.

Nefndin er öll sammála um það, að heppilegast sje að ætla hverju hjeradi ákveðna upphæð til þessara samgangna og að rikisstjórnin úthluti styrknum í samráði við hjeradsstjórnir.

Tillögur okkar eru því, að til bátaferðanna verði varið árið 1925:

Til bátaferða um Faxaflóa (Reykjavík, Borgarnes, Skógarnes, Búðir, Stapi)	kr. 25000
— báta- og póstferða um Ísafjarðardjúp... .. .	— 15000
— bátaferða um Breiðafjörð, þar með Flateyjarbátur	— 8000
— — við Skaftafellssýslur og Rangársand	— 12500
— — milli Hornafjarðar og Austfjarða, þar með Lagarfljótsbátur	— 4000
Ýmislegt	— 500

Samtals kr. 65000

Af framangreindum ástæðum berum við fram breytingu við fjárlagafrv. fyrir árið 1925, í samræmi við framanskráða niðurstöðu.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 24. mars 1924.

Jón A. Jónsson,
form. og frsm.

Hákon J. Kristófersson,
fundaskrifari.

Pjetur Þórðarson.